

## Skólaráðsfundur 18.jan 2011

Jóhanna setti fund kl.16.00

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólustjóri, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra.

### **1. Fjárhagsáætlun 2011**

Jóhanna kynnir, fjármagn 620 millj. 15 millj. meira en árið 2010, nemendum hefur fjölgað og áframhaldandi niðurskurður hefur verið; uppsögn sérkennara Huldu Guðrúnar og skert starfshlutfall Andreu sérkennara, einnig mikið aðhald í innkaupum og nánast engin endurnýjun á tækjum og búnaði, þó er gert ráð fyrir 1 millj. í nemendaferðir, reynt að skipuleggja skoðunar- og fræðsluferðir innan strætóleiða.

### **2. Leiðsagnarmat – nýjung**

Kynning á leiðsagnarmatinu í Mentor fyrir foreldra, fór fram mánudaginn 10.janúar, síðan var opið hús fimmtudaginn 13.janúar, en foreldrar, nemendur og kennarar færa inn í leiðsagnarmatið og verður síðan farið yfir þetta og borið saman í foreldraviðtölum sem verða 2.febrúar.

### **3. Foreldravika**

Stefnt er að vera með foreldraviku 28.febrúar-4.mars, ekki er komið þema fyrir vikuna, en tillaga frá Vilborgu um að PALS og heimalestur verði aðalþemað, mjög góðar undirtektir frá öðrum fundarmönnum.

### **4. Kynning á handbók foreldrafélaga gunnskóla**

Fyrirhugað að halda námskeið fyrir bekkjarfulltrúa í grunnskólum og efla enn frekar samstarf foreldra og skóla, handbókin hefur verið send á alla í skólaráði til lesningar og farið yfir á næsta fundi.

### **5. Skóladagatal**

Uppkast að skóladagatali lagt fram og skoðað, athuga hvort vetrarleyfi verði tvískipt eins og verið hefur, eða sameinað í lengra frí.

### **6. Skólanámskrá**

Beðið um athugasemdir, ekki full mæting á fundinn svo að skil á athugasemdum bíður þar til næst, stjórnendur búnir að lesa orð fyrir orð, flokka og stytta.

Jóhanna sendir á alla fundarmenn svo hægt verði að lesa yfir fyrir næsta fund og skila inn athugasemdum.

### **7. Önnur mál**

-Sólveig leggur til að mötuneytisáskriftir haldi áfram milli ára, þ.e ekki þurfi að segja upp áskrift að vori og endurnýja að hausti.

-Jóhanna segir frá að plötur í hljóðvistir séu komnar, á eftir að setja þær í ramma og síðan á alla heila fleti í mötuneytinu, einnig verður sett upp í nýbyggingu.

-Jóhanna er að setja saman bréf v/umferðamála hér við skólann í samstarfi við Hulduberg og Íþróttamiðstöðina, einnig er foreldrafélagið í þessu samstarfi, þarf að athuga með einstefnuskipti og betri merkingar, einnig að göngubrautirnar séu sjáanlegri, sleppirein við Lækjarhlíðina o.fl.

Fundi slitið kl.17.30

Næsti fundur fimmtudaginn 3.febrúar kl.16.00